



*Umsögn frá biskupi Íslands
um tillögu til þingsályktunar um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi, 728. mál.*

Vísað er til erindis Utanríkismálanefndar Alþingis dagsett 21. maí 2015 þar sem óskað er umsagnar biskups Íslands um tillögu til þingsályktunar um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi, 728. mál.

Biskup leggur áherslu á að við berum samfélagslega ábyrgð á velferð meðbræðra okkar og systra líkt og gullna regla kristninnar um gagnkvæman náungakærleika minnir okkur á.

Biskup tekur undir með flutningsmönnum um að brýna nauðsyn beri til að aðstoða flóttafólk í neyð og að allra leiða verði leitað til að íslenska ríkið geti lagt fram aðstoð sína við flóttafólk á Miðjarðarhafi.

Reykjavík 28. maí 2015

A handwritten signature in blue ink, reading "Agnes M. Sigurðardóttir".

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.